

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 288.610 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 14. nóvember 1978.

Nr. 227/1977. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Guðmundi Guðmundssyni**

(Jón Hjaltason hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.  
Erlend lög.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

#### I.

Ákærði óskaði eftir áfrýjun málsins, og því var einnig áfrýjað af ákærvaldsins hálfu til þyngingar. Samkvæmt áfrýjunarstefnu bárust embætti ríkissaksóknara dómsgerðir í málinu með bréfi 13. október 1976, en áfrýjunarstefna er gefin út 25. janúar 1977. Með vísan til 2. málsgr. 179. gr. laga nr. 74/1974 hefur ríkissaksóknari fallið frá kröfu um þyngingu refsingar og annarra viðurlaga og enn fremur fallið frá kröfu um sakfellingu samkvæmt fyrra ákæruatriði í ákæruskjali, þ. e. akstur bifreiðar 25. október 1974, en héraðsdómari sýknaði ákærða af því ákæruatriði.

#### II.

Brot þau, sem ákærða eru gefin að sök í ákæruskjali, eru framin í Færeyjum. Ákærði er íslenskur ríkisborgari. Kom hann fyrir sakadóm Reykjavíkur hinn 14. október 1975, er

mál þetta var þingfest. Tekur refsivald íslenska ríkisins til brota ákærða, sbr. 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda geyma umferðarlög í Færeyjum refsíákvæði um framangreint atferli svo og ákvæði um sviptingu ökuleyfis. Beita ber íslenskum lögum um refsingu og önnur viðurlög, sbr. 1. mgr. 8. gr. almennra hegningarlaga að aðgættum ákvæðum 2. málsgr. 8. gr. sömu laga.

### III.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara, að ákærði sé sekur um síðara ákæruatriði í ákæruskjali, þ. e. akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis 8. febrúar 1975, og brot, sem standa í tengslum við það. Leggja ber til grundvallar dómi í málinu, að alkóhólmagn hafi verið 1.62‰ í blóðsýni, sem tekið var úr ákærða um 1½ klukkustund eftir að ekið var á bifreiðina Fö 53.927. Háttsemi hans varðar hann refsingu samkv. 2. málsgr., sbr. 4. málsgr. 25. gr., 1. málsgr. 26. gr., 1. málsgr. 37. gr. og 2. málsgr. 41. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 80. gr. þeirra, sbr. lög nr. 54/1976, sem hér verður beitt með vísan til 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og stendur verknaðarlýsing ákæruskjals því eigi í vegi að beita 1. málsgr. 26. gr. og 1. málsgr. 37. gr. laga nr. 40/1968. Þá varðar atferli ákærða enn fremur við 24., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, en leggja ber til grundvallar refsiviðurlög 15. gr. þeirra laga, sem í gildi voru, er ákærði framdi brot sitt, en refsiviðurlögum 5. gr. laga nr. 52/1978 verður eigi beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar samkv. ofangreindum refsíákvæðum svo og ökuleyfissviptingar samkv. 81. gr. laga nr. 40/1968 og 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 er höfð hliðsjón af viðeigandi löggjöf í Færeyjum, sbr. 2. málsgr. 8. gr. almennra hegningarlaga. Ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu, þó svo, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Enn fremur ber að staðfesta ákvæði dómsins um ökuleyfissviptingu svo og um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 70.000 krónur.

### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Guðmundur Guðmundsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. júlí 1976.

Ár 1976, mánudaginn 5. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómará, kveðinn upp dómur í málinu nr. 374/1976: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 2. október 1975, gegn Guðmundi Guðmundssyni, Stórásí 7, Garðakaupstað (heimili í ákærunni talið Hraunbær 72, Reykjavík), fæddum 12. október 1950 í Vestmannaeyjum,

„fyrir að aka bifreiðinni Fö 54.327 tvívegis undir áhrifum áfengis í Færeyjum, þ. e. föstudaginn 25. október 1974, frá dvalarstað sínum í Saltnæs að húsi í Runavík og skömmu síðar frá því húsi, nokkurn spöl eftir götunni, en akstrinum lauk með því, að bifreiðin festist í skurði, og aðfaranótt laugardagsins 8. febrúar 1975 norður götuna gegnum Glyvvar, en akstrinum lauk með ákeyrslu á bifreiðina Fö 53.927, sem þar var kyrrstæð og mannlau, og hverfa síðan á brott án þess að gera fyrst viðeigandi ráðstafanir vegna árekstursins.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-  
leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24.  
gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

I. Ákærði dvaldist í Færeyjum veturinn 1974—1975. Hinn 25.  
okt. 1974, kl. 1715, tilkynnti ónafngreind kona lögreglustöðinni  
í Runavík, að ákærði, sem þá bjó á Saltnesi, hefði ekið bifreið  
niður í skurð austan við tiltekið hús og væri hann mjög ölvaður.  
Lögregluþjónn fór á staðinn og fann ákærða hjá bifreiðinni.  
Samkvæmt skýrslu hans hafði hægra afturhjólfest í skurði, og  
var ákærði að reyna að losa bifreiðina með því að lyfta undir  
hjólið. Vél bifreiðarinnar var heit og kveikjuláslykill í skránni.  
Lögregluþjónninn taldi greinileg ölvunarmerki á ákærða og hand-  
tók hann og færði til blóðtöku. Í blóðsýni, sem tekið var kl.  
1810, reyndist alkóhólmagn 2.76‰, mælt með gaskromatgrafískri  
aðferð, en 2.58‰, mælt með ADH-aðferð (meðaltal 2.67‰). Sam-  
kvæmt læknisskoðun hefur ákærði haft greinileg ölvunarmerki,  
verið slappur í andliti, sljór til augna, reikull í gangi og óruggur  
í viðbrögðum.

Ákærði viðurkennir, að hann hafi verið ölvaður, en ekki að  
hann hafi ekið bifreið sinni. Hann hafi daginn áður, 24. okt.,  
farið til Fuglafjarðar í bifreið sinni, er annar maður hafi ekið, og  
hafi sá farið til baka í bifreiðinni, en ákærði kveðst hafa verið  
í Fuglafirði um nóttina. Næsta dag, þ. e. 25. okt., hafi hann fengið  
far með bifreið til Runavíkur. Þar hafi hann farið inn til konu  
að nafni Elsa Berg og staðið þar við um hríð. Þegar hann hafi  
komið út aftur, hafi hann séð bifreið sína skammt frá og hún  
verið föst í vegarbrúninni. Hann hafi farið að huga að henni, en  
þá hafi lögregluþjónn komið að. Ákærði kveðst ekki hafa hug-  
mynd um, hvernig bifreið hans hafi komist í nefndan stað.

Lögregluþjónninn, A Weihe Joensen, hefur komið fyrir dóm í  
Færeyjum eftir ósk sakadóms og borið þar vitni. Hann segir, að  
kona sú, er tilkynnti lögreglunni um ákærða, hafi ekki sagt til  
sín. Hún hafi sagt, að ákærði hefði rétt áður ekið ofan í skurð  
„rétt hér á móti“. Vitnið segir, að ákærði hafi eftir handtökuna  
skýrt honum svo frá, að hann hefði ekið bifreið sinni frá dyrum  
á húsi Johs. Berg og þangað sem hún var.

Elsa Berg, Runavík, 18 ára að aldri, hefur einnig borið vitni.  
Hún man, að ákærði kom til hennar í heimsókn og stóð þar við  
1/2 klst., eða ef til vill nokkru lengur. Hún kveðst ekki hafa

vitað, hvernig hann kom né heldur hvernig hann fór burt frá húsinu, en hún kveðst hafa séð skömmu eftir að ákærði var farinn, hvar bifreið ákærða stóð og að lögregluþjónn var kominn á vettvang.

Samkvæmt skýrslu ákærða fékk hann far frá Fuglafirði til Runavíkur með konu að nafni Frita Dalheim. Hún hefur ekki borið vitni fyrir dómi, þar sem hún er talin flutt frá Færeyjum til Noregs og ekki vitað um heimili hennar þar, enda ekki talið nauðsynlegt að fresta málinu til þess að freista þess að hafa upp á vitni þessu. Í skýrslu, sem hún gaf lögreglunni í Runavík, skýrði hún svo frá, að ákærði hefði hringt til hennar frá Fuglafirði og beðið hana um að sækja sig og hún gert það. Hún skildi hann eftir hjá heimili hans í Saltnesi, og þá stóð bifreið ákærða þar fyrir utan. Síðan skildist hún við ákærða og vissi ekki frekar um ferðir hans.

Í tilefni af skýrslu Fritu Dalheim hefur ákærði lýst yfir því, að þar sé ekki rétt með farið að því leyti, að hann hafi farið úr bifreiðinni rétt hjá heimili Elsu Berg, en ekki heima í Saltnesi.

II. Aðfaranótt laugardagsins 8. febrúar 1975 kom Poul Nicolai Jacobsen, Tröndargötu 41, Tórshavn, heim til Eivind Hansen lögregluþjóns í Runavík og tilkynnti, að ekið hefði verið á bifreið hans, sem staðið hefði mannlús utan við hús bróður hans, Joen Jacobsens á Glyvrum. Kvaðst hann hafa skilið bifreiðina þar eftir um kl. 2030. Um kl. 0230 hefði hann heyrt hávaða. **Komið hefði í ljós, að bifreið ákærða, Fö 54.207, hafði verið ekið á bifreið Jacobsens, og höfðu báðar bifreiðar skemmst allmikið. Lykill var í kveikjulási bifreiðar ákærða. Ökumaður bifreiðar ákærða var horfinn að staðnum, og var hans leitað í grenndinni án árangurs. Lögregluþjónninn fór þá heim til ákærða og hitti þar konu ákærða, sem gerði honum skiljanlegt, að ákærði hefði falið sig í klæðaskáp í svefnherbergi. Fannst ákærði síðan eftir tilvísun konunnar, og var hann handtekinn og færður burt. Þegar lögregluþjónninn ætlaði að opna bíldyrnar fyrir honum, hljóp hann á brott, en lögregluþjóninum tókst að handsama hann aftur. Hann var færður til læknis, sem rannsakaði hann og tók honum blóð til rannsóknar kl. 0417. Við rannsókn með gasgreiningaraðferð reyndist alkóhólmagn í blóðsýninu 1.70 og 1.74‰, þ. e. meðaltal 1.72‰ (Köbenhavns Universitets Retsmedicinske Institut).**

Niðurstaða rannsóknar Poul Olsen læknis er þessi: „Undersögede må anses for at være påvirket af spiritus i *lettere* grad.“

Ákærði hefur kannast við, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis þetta kvöld, en ekki að hann hafi ekið bifreið sinni. Hann skýrði svo frá í skýrslu, er hann gaf fyrir lögreglu eftir handtökuna, að hann hefði um kl. 2100 um kvöldið ekið til Fuglafjarðar og þá ekki verið farinn að neyta áfengis. Hann taldi sig ekki muna, hver ekið hefði bifreiðinni fyrir hann frá Fuglafirði til Runavíkur, en þar hefði hann farið úr bifreiðinni við Glyvvar bíó og þar inn á dansleik. Áður en dansleiknum var lokið kl. 0130 hafi einhver sagt við hann, að lögreglan væri að leita hans og að bifreið ákærða hefði verið stolið og hann skyldi ekki fara út, þar sem hann væri drukkinn. Ákærði telur sig ekki muna, hvernig hann hafi komist heim, en sennilega hafi einhver ekið honum. Ákærði kvaðst hafa falið sig í skápnunum, þar sem hann hafi óttast, að lögreglan mundi koma og taka hann. Þá kvaðst hann hafa reynt að flýja frá lögregluþjónunum, þar sem hann gæti ekki þolað lögregluna. Um áfengisneyslu sína vildi hann ekki tjá sig.

Þegar mál þetta var tekið fyrir hér fyrir dómnum 14. október 1975, skýrði ákærði svo frá, að hann hefði verið við drykkju heima hjá sér og myndi hann ekki, hvort hann hefði farið eitthvað út þetta kvöld. Hann neitaði því, að hann hefði ekið bifreiðinni, en ekki gæti hann ímyndað sér, hver annar hefði gert það. Hann kannaðist við, að hann hefði falið sig fyrir lögregluþjóninum og síðan reynt að flýja frá honum og hefði hann gert það, af því að hann væri hræddur við lögregluþjóna, þegar hann væri drukkinn.

Samkvæmt vætti Ann Mari Guðmundsson, konu ákærða, fór hún út um kl. 2030—2100 um kvöldið, og ók ákærði henni til vinkonu hennar. Talað hefði verið um, að ákærði sækti hana, en í stað hans kom John Nysted Kirke um kl. 2300 í bifreið ákærða og sótti hana. Kirke hafði verið heima hjá ákærða og verið að vinna eitthvað í sambandi við rafmagn, en það var hjá konu Kirke, sem kona ákærða hafði verið í heimsókn.

Ann Mari segir, að þegar hún kom heim, hafi ákærði verið þar fyrir ölvaður, þar hafi og verið Marnes Johan Nordendal. Ákærði hafi viljað fara út að aka bifreið sinni, sem staðið hafi fyrir utan. Hún hafi reynt að koma í veg fyrir, að hann næði bíllyklunum, og hafi nýlega komið til handalögmáls milli þeirra. Ákærði hafi loks náð lyklunum og farið út. Ann Mari segist ekki hafa séð ákærða aka bifreiðinni. Ákærði kom aftur eftir nokkra stund og var þá að tala um, að hann hefði skemmt (smadret) bifreiðina,

en frekari skýringar fengust ekki hjá ákærða, þótt hún spyrði. Hann bað um, að hún svaraði ekki, ef kvatt yrði dyra. Þegar lög-regluþjónninn barði að dyrum, flýtti ákærði sér inn í svefnherbergi og kom sér fyrir í klæðaskápnum.

Vitnið John Nysted Kirke skýrir svo frá: Ákærði kom heim til hans ásamt konu sinni og var þá að sjá ódrukkinn. Kona ákærða varð eftir hjá konu Kirke, en hann fór með ákærða heim til hans og setti þar upp lampa. Kirke fór síðan í bifreið ákærða og sótti konu hans, en kona Kirke fylgdi þeim í bifreið þeirra, og fóru þau Kirkehjón síðan saman heim án þess að koma inn á heimili ákærða í það skipti. Kirke kveðst ekki hafa séð ákærða neyta áfengis þetta kvöld og hafa álitnið hann ódrukkinn, er hann fór að heiman frá honum.

Vitnið Marner Johan Nordendal verkamaður, 25 ára, heimili Toftir, kveðst hafa farið með ákærða og konu hans til Runavíkur, þar sem konan hafi orðið eftir, en hann hafi farið heim til ákærða með honum aftur og þar hafi þeir drukkið saman upp úr flösku af ákavíti. Kirke hafi komið heim til ákærða meðan á þessu stóð. Eftir að kona ákærða kom heim, hafi þeim hjónum lent saman í rifrildi út af því, að ákærði heimtaði lykla að bifreið sinni, og loks hafi ákærði tekið lyklana með valdi af henni og farið út. Hann hafi komið nokkru síðar og þá sagt: „mannskaði hendir“ og síðan farið inn í stofu og þaðan inn í svefnherbergi. Lögregluþjónninn hafi komið um stundarfjórðungi síðar.

Vitnið Valgerð Jacobsen, Glyvrrar, 17 ára að aldri, kveðst hafa séð ákærða á dansleik í Glyvrrar bíói þetta kvöld. Hún kveðst þekkja ákærða, þar sem hann hafi unnið á bifreiðaverkstæði í grenndinni. Valgerð kveðst hafa komið heim til sín um kl. 0230 og hafa verið í stofunni, er hún hafi heyrt hávaða fyrir utan og séð, er hún gætti að, að ekið hafði verið á bifreið Poul Nicolai Jacobsens. Valgerð fór síðan út og kveðst þá hafa séð ákærða vera að fara af staðnum í átt að bifreiðaverkstæðinu. Hún kveðst hafa þekkt hann með vissu. Valgerð kveðst ekki hafa séð ákærða koma út úr bifreið sinni, en hann hafi ekki verið nema um 10 metra frá henni, er hún kom út.

#### Niðurstöður.

Enda þótt allar líkur bendi til þess, að ákærði muni hafa verið við akstur bifreiðar sinnar hinn 25. október 1974, er þó eigi loku fyrir það skotið, að annar kunni að hafa verið þar að verki, og

verður ákærði ekki gegn neitun sinni sakfelldur fyrir það atriði ákærunnar.

Aftur á móti er það fullsannað, með framburðum vitna og öðrum gögnum, að ákærði ók bifreið sinni ölvaður aðfaranótt 8. febrúar 1975, svo sem lýst er í ákæru, og varðar það við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga. Hann hvarf af vettvangi að loknum árekstri án þess að gera yiðeigandi ráðstafanir, og varðar það við 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga. Fyrir þessi brot ber að refsa honum með hliðsjón af 2. tl. 5. gr. alm. hegningarlaga, enda er athæfi það, sem ákærði er sakfelldur fyrir, refsivert í landi, þar sem brot voru framin (16. gr. og 26. gr. umferðarlaga, sem þar gilda).

Í ákæru er einnig vísað til 26. og 37. gr. umferðarlaga, en tilsvareandi verknaðarlýsingu er ekki að finna í ákærunni.

Ákærði hefur 10 sinnum sæst á greiðslu sekta, þar á meðal greiðslu 5.500 kr. sektar fyrir ölvun við akstur hinn 6. júní 1972 og þá jafnframt á sviptingu ökuleyfis 4 mánuði.

Refsing ákærða verður með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga ákveðin 85.000 króna sekt til ríkissjóðs, en til vara 20 daga varðhald, ef sekt greiðist ekki innan 4 vikna.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga skal ákærði sviptur ökuleyfi sínu ævilangt frá birtingu dómsins, þar sem brot er ítrekað. Samkvæmt 5. ml. 81. gr. umferðarlaga og 178. gr. laga 74/1974 verður ákveðið, að áfrýjun fresti ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða kostnað sakarinnar.

#### Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Guðmundsson, greiði 85.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi 20 daga.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi ævilangt. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar.